

**Mál nr. 108/2024****VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging lögmanna.****Nafn vátryggingartaka starfsábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 10. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 30. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að hinn 11. desember 2020 lenti M í slysi á vinnutíma. Taldi M mögulegt að afleiðingar slyssins gætu verið varanlegar og leitaði hann því til lögmennsstofunnar A sem var í eigu lögmennanna X og Y. Hafði hann samband við Z sem titlaði sig aðstoðarmann Litáa á Íslandi hjá lögmennsstofunni A og hitti hann á fundi þann 2. febrúar 2021 þar sem hann veitti lögmennsstofunni A og lögmönnunum X og Y og starfsmönnum þess, fullt og ótakmarkað umboð til að gæta hagsmuna hans vegna vinnuslyssins. Þann 28. júní 2021 hafði M samband við Z og lögmenninn X og spurðist fyrir um málið sitt. Var honum tjáð að málið væri í ferli og að hann þyrfti að vera þolinmóður, svona mál tækju sinn tíma. Eftir það reyndi M næstu mánuði ítrekað að fá upplýsingar um stöðu málsins. Fór svo að ákveðinn var fundur þann 20. desember 2021 þar sem M hitti X og Z á skrifstofu lögmennsstofunnar. Var honum þar tjáð að hann þyrfti að greiða 130.000 vegna vinnu þeirra, en að sögn M hafði hann átt að millifæra á reikning Z þar sem slíkt hafi átt að vera ódýrara fyrir hann. M millifærði samdægurs 130.000 í góðri trú á persónulegan reikning Z. Hafði M eftir þetta ítrekað samband við Z og X til að spyrjast fyrir um stöðuna á málinu hans. Átti M í stöðugum samskiptum í gegnum smáskilaboð við X þar sem hann spurði hver staðan væri á málinu hans. X svaraði að málið væri í ferli og tæki tíma. Þann 11. ágúst 2022 var M hætt að lítast á blikuna og sendi tölvupóst til vátryggingafélags vinnuveitanda síns til að spyrjast fyrir um stöðu málsins. Var honum tjáð að engin tilkynning hefði borist um slysið. Þann 18. ágúst 2022 hafði M samband við núverandi lögmenn sinn og veitti henni heimild til að gæta hagsmuna sinna. Samhliða því var umboð til lögmennsstofunnar A og lögmennanna X og Y afturkallað. Svo fór að vátryggingafélag vinnuveitanda M hafnaði bótaskyldu úr slysatryggingu launþega vegna slyssins á grundvelli þess að tilkynningafrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hefði runnið út í febrúar 2022, um ári eftir að M leitaði til X. Var sú afstaða vátryggingafélagsins staðfest af úrskurðarnefndinni í úrskurði nr. 425/2023. Í kjölfar þeirrar niðurstöðu gerði M kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V sem hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að ósannað væri að X hefði tekið að sér hagsmunagæslu fyrir M og að vátryggingarvernd X náði þar með ekki til meints tjóns M.

M telur að greiðsluskylda sé fyrir hendi úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V vegna slyss hans þar sem M hafi orðið fyrir fjártjóni vegna háttsemi X. Ljóst sé af gögnum að M hafi hlotið varanlega skaða vegna slyssins. Telur M að X beri skaðabótaábyrgð á fjártjóni hans á grundvelli sakarreglu skaðabótaréttar sbr. 25. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn. X hafi samkvæmt umboði tekið að sér að gæta hagsmuna X vegna vinnuslyss hans þann 11. desember 2020. X hafi ekki gætt hagsmuna M með því að tilkynna slysið og sinna gagnaöflun, ekki veitt M réttar upplýsingar um framgang málsins og látið hann vera í þeirri trú að málið væri í farvegi. Þá var M krafinn um greiðslu sem væntanlega var langt umfram raunverulegt vinnuframlag X og Z. Tjón M má því rekja til stórfellds gáleysis af hálfu X. Telur M að X hafi brotið gegn 18. gr. laga um lögmenn sem og siðareglur lögmanna með því að láta það með öllu ógert að tilkynna vinnuslysið til tryggingafélagsins vitandi að árs tilkynningafrestur gildir um slíkar tilkynningar skv. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Vísar M því á bug að X hafi ekki verið kunnugt um undirritun umboðsins sem þó var undirritað á þáverandi starfstöð X, ritað á bréfsefni stofunnar og vottað tveimur vottum. Hefur V ekki sýnt fram á að umrætt umboð sé haldið einhverjum ágöllum eða sé með öðrum hætti ekki réttmætt og er þessari röksemdarfærslu alfarið hafnað. Ekkert komi fram í SMS skilaboðum frá X til M að hann sé ekki að sinna hagsmunagæslu fyrir hann. Af skilaboðum X til M komi skýrlega fram að X er að sinna hagsmunagæslu fyrir M og kemur fram sem slíkur. Þessu til viðbótar liggur fyrir tölvupóstsamskipti milli Z og X dags. 12. ágúst 2022 þar sem Z lýsir yfir óánægju sinni yfir starfsháttum X. Kvartaði Z

yfir því að vinnsla málsins hafi tekið of langan tíma og að hann teldi X ekki hafa sinnt starfi sínu nægilega vel.

V hefur hafnað bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins X og telur að gögn málsins sýni ekki fram á að skilyrðum bótaskyldu sé fullnægt þar sem M hefur ekki fært sönnur á að X hafi samþykkt að taka að sér hagsmunagæslu fyrir hans hönd. Er það álit V að ósannað sé að X hafi tekið að sér hagsmunagæslu fyrir M en sönnunarbyrði hvað það varðar hvílir á M. Að sögn X var hann ekki viðstaddur á fundi þann 2. febrúar 2021, líkt og M heldur fram, þegar meint umboð á að hafa verið undirritað. Jafnframt hafi hann ekki hitt M á fundi þann 20. desember 2021 líkt og fullyrt er í málskoti. X kann ekki skil á því hvers vegna nafn hans var tiltekið á umboðinu og mótmælir því sem röngu að hann hafi farið með hagsmunagæslu fyrir M. Umrætt umboð hafi fyrst komið til vitundar og vitneskju X í kjölfar þess að M gerði kröfu í starfsábyrgðartryggingu hans hjá V með kröfubréfi dags. 29. desember 2022. Ekki liggi fyrir skriflegur verksamningur milli X og M þar sem verklýsing kemur fram eða tiltekið endurgjald er áskilið vegna umbeðins verksins. Hafnar X því hvoru tveggja að hafa útbúið skjalið að að hafa verið viðstaddur undirritun þess. Hafi V náð sambandi við annan af tveimur vitundarvottum sem staðfest hafi skriflega þann 27. febrúar 2024 að nafnritun hans á umrætt umboð stafaði ekki frá honum. Því sé hafnað sem röngu og ósönnuðu að X hafi ásamt Z kafið M um peningagreiðslu að fjárhæð kr. 130.000. Umrædd greiðsla barst inn á persónulegan bankareikning Z og ekki hefur verið sýnt fram á að greiðslan hafi borið X eða lögmannsstofu hans. Z hafi hvorki fyrir né síðar verið starfsmaður lögmannsstofunnar. Hvað samskipti X við M varðar þá var hann að beiðni Z einungis að miðla áfram aðfengnum upplýsingum um stöðu málsins enda var hann með öllu grandlaus um að honum hefði verið falið umboð til að sinna hagsmunagæslu fyrir M. Fyrstu samskipti X við M hafi átt sér stað þann 31. maí 2022 þegar M hafið samband við hann af fyrra bragði með smáskilaboðum. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna fram á að M og X hafi átt í nokkrum samskiptum fyrir þann tíma. Þrátt fyrir að fallist yrði á að X hafi tekið að sér einhvers konar form hagsmunagæslu við fyrstu samskipti hans við M þann 31. maí 2022 og hann í kjölfarið sýnt af sér saknæma vanrækslu þá var ársfrestur til að tilkynna slysið skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga þegar liðinn á þeim tímapunkti. með tilliti til þess væru ekki til staðar orsakatengsl á milli saknæmrar háttsemi X og meints fjártjóns M.

#### Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort lögmaðurinn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við hagsmunagæslu vegna vinnuslyss M þann 11. desember 2020. Sönnunarbyrði þess að M hafi orðið fyrir tjóni og tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M og er slík sönnun forsenda þess að bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi. Um mat á sök lögmanns gildir strangt sakarmat enda um að ræða útselda sérfræðipjónustu. Almennt má gera ráð fyrir að ef fyrir liggur undirritað umboð lögmanns, leiki ekki vafi á því að sá lögmaður hafi tekið að sér hagsmunagæslu í því máli sem tilgreint er í umboðinu, í þessu tilviki vinnuslys M hinn 11. desember 2020. Lögmaðurinn X hefur þrátt fyrir það hafnað því að hafa tekið að sér hagsmunagæslu fyrir M eða að hann hafi verið á fundum með M þann 2. febrúar 2021 þar sem umboðið var undirritað eða þann 20. desember 2021 þar sem mál M var rætt. Þá liggur fyrir skrifleg staðfesting í tölvupósti frá öðrum vitundarvotti þar sem hann hafnar að hafa vottað fyrrgreint umboð. Hins vegar liggja fyrir samskipti milli M og X í gegnum smáskilaboð tímabilið 31. maí 2022 til 11. júlí 2022 þar sem M er að spyrja X út í stöðu málsins. Í skilaboðum X til M þann 1. júní 2022 segir: „*It is in process and takes time, I will have more info on the status on Tuesday and hopefully we are close to finishing this case.*“ Í skilaboðum X til M þann 6. júlí 2022 segir: „*I have been in contact with the insurance company and employer about the case and hope to hear from them tomorrow. Will tomorrow or Friday have more info about approximately how long time it will take til complete, and will call you*“. Í skilaboðum frá X til M þann 11. júlí 2022 segir: „*I am in court today, should get more info today or tomorrow.*“ og svo einnig „*I am making the claim to [...] today and will get a formal answer in the next couple of days.*“ Eftir þetta virðist M ekki heyra meira frá X vegna málsins en Z setti sig í samband við X í tölvupósti þann 12. ágúst 2022 þar sem hann spurðist fyrir um stöðu málsins og vísar til þess að X hafi borið ábyrgð á framgangi málsins en ekki Z. Ekki liggur fyrir svar frá X til Z vegna þessa tölvupósts. Af ofangreindum samskiptum X við M og svo milli Z og X verður ekki annað ráðið en að X hafi tekið að sér hagsmunagæslu vegna vinnuslyss M þann 11. desember 2020. Virðist lögmaðurinn X gefa M beinlínis rangar upplýsingar um stöðu málsins auk þess sem hann mótmælir

Því ekki í fyrrgreindum samskiptum að hafa tekið að sér hagsmunagæslu fyrir M. Þá bera samskiptin ekki með sér að X hafi verið að miðla upplýsingum til M frá öðrum aðila. Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að fyrrgreind samskipti eigi sér stað eftir að tilkynningafrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga var liðinn, en hann var talinn hafa liðið í febrúar 2022. Að mati nefndarinnar hefur M lagt fram gögn og samskipti við M sem þykja sýna nægilega fram á að X hafi tekið að sér hagsmunagæslu vegna vinnuslyss M en það er bæði stutt af samskiptum M við X og svo samskiptum milli X og Z þar sem hinn síðarnefndi er að gagnrýna X fyrir seinagang í málinu. Þá verður einnig talið að X hafi tekið að sér þá hagsmunagæslu áður en tilkynningafrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga var liðinn enda liggur fyrir að M undirritaði umboð til handa lögmannsstofunni A og lögmonnum X og Y í febrúar 2021. Skiptir hér ekki máli að annar vitundarvotta kveðst ekki hafa verið viðstaddur undirritun umboðsins enda hefur undirritun hins vitundarvottsins ekki verið hnekkt. Með vísan til alls framangreinds er það álit nefndarinnar að M hafi haft réttmætar væntingar til þess að X væri að rækja starf sitt í samræmi við 18. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998 þar sem fram kemur að lögmonnum beri í hvívetna að rækja af alúð þau störf sem þeim er trúað fyrir og neyta allra lögmatra úrræða til að gæta lögvarinnar hagsmuna umbjóðenda sinna. Með því að tilkynna vátryggingafélagi vinnuveitanda M ekki um vinnuslysið innan tilkynningarfrests skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga vegna slysatryggingar launþega verður talið nægilega sýnt fram á að X hafi vanrækt skyldur sínar við hagsmunagæslu fyrir M með þeim hætti að skaðabótaskylda stofnist fyrir því fjártjóni sem M hefur orðið fyrir vegna þeirrar vanrækslu.

**Niðurstaða.**

M, á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins X hjá V.

Reykjavík, 3. september 2024.  
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir